

Nd.

149. Frumvarp

til laga um aðflutningsgjald af fiski og sild.

Flutningsm.: Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Af öllum fiski, nýjum og söltuðum, og allri sild, nýrri, freðinni eða kældri og saltaðri, sem veidd er af erlendum skipum og sett á land á Íslandi, eða flutt til landsins á millilandaskipum, skal greiða aðflutningsgjald í rikissjóð sem hér segir:

Af fiski, nýjum og söltuðum	3	krónur af hverjum 100 kilóum
— nýsild til bræðslu	2	— — — — — 150 —
— — — — — söltunar	3	— — — — — 100 —
— beitusild, freðinni eða kældri	10	— — — — — 100 —
— saltsild í tunnum	5	— — — — — tunnu

2. gr.

Undanþeginn gjaldi þessu er fiskur og sild, sem áður hefir verið flutt út frá landinu.

3. gr.

Um innheimtu aðflutningsgjalds samkvæmt þessum lögum fer sem um innheimtu vörutolls samkv. l. nr. 54 frá 1926, eftir því sem við verður komið, og ber kaupandi ábyrgð á greiðslu gjaldsins á sama hátt sem um vörutoll væri að ræða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og fiskiveiðalöggjöfin nú er skilin og framkvæmd, geta erlend fiskiskip selt afla sinn hér í land, þó nokkrar hömlur séu á það lagðar. En þar sem það er afartakmarkað sildarmagn, sem markaðurinn þolir árlega, og Íslendingar hinsvegar hafa nægan skipastól til að afla allrar þeirrar sildar, sem seljanleg er héðan, og þó meira væri, er sala erlendu veiðiskipanna þeim til mikils tjóns. Ennþá verra er þó hitt, að þar sem það verður aldrei fyrirfram vitað, hve mikið erlend skip kunna að selja í land af sild, er eigi unnt fyrir íslenska útgerðarmenn að hafa samtök um söltunina, þannig að öruggt sé, að eigi verði saltað of mikið fyrir markaðinn. Er af þessu nauðsynlegt að leggja nokkrar frekari hömlur á en gert hefir verið, að veiði erlendra skipa verði sett hér á land. Er í þessu frumvarpi þó eigi lengra gengið en aðrar þjóðir gera gagnvart oss, til dæmis Englendingar, að því er innflutning nýs fiskjar snertir.